



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN


Meðal efnis í Flórgoðanum:

- Ágæt mæting á skólafærinámsskeið
- Forráðamenn og nemendur í 10. bekk á leið á fund
- Ásheimar á leið á Laugarvatn í skólabúðir
- Nýjar mottur í anddyrum skólans
- Snagar fyrir yngri deild á leiðinni
- Skólabíll á Völlum
- Menningardagar í undirbúningi
- Heimsókn frá Víðivöllum
- Nemendafjöldi sem býr á Völlum
- Háttvísi og umgengni
- Afþreying fyrir 7-9 ára.
- PISA rannsókn
- Foreldradagur og skipulagsdagur
- Morgunhressing
- Samræmd próf í 4. og 7. bekk
- Skólaföt

Samræmd próf í 4. og 7. bekk

Samræmd könnunarpróf verða lögð fyrir 4. og 7. bekk í næstu viku.

Á fimmtudag þreyta nemendur próf í íslensku og á föstudag í stærðfræði. Mikilvægt er að nemendur undirbúi sig af kostgæfni en ekki er æskilegt að forráðamenn leggi þunga pressu á herðar nemenda. Hér er um könnunarpróf að ræða og mikilvægara að nemendur komi afslappaðir til prófs. Aðrir nemendur skólans eru beðnir að taka tillit til próftöku nemenda er þeir fara um skólann - enda tillitssemi dygð janúarmánaðar.



SKÓLAFÖT

Rétt er að ítreka að í byrjun næstu viku fá þeir nemendur sem ekki klæðast skólafatnaði minnisblað með sér heim í töskupósti.

PISA RANNSÓKN

Áslandsskóli hefur verið dreginn út sem þátttakandi í PISA rannsókninni. Þann 15. mars verður gerð forprófun á efni og framkvæmd.

Nemendur í 10. bekk Áslandsskóla taka þátt í rannsókninni sem byggir á frammistöðu í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Nánar á www.namsmat.is/pisa.

www.aslandsskoli.is

Nemendur sem búa á Völlum en sækja nám í Áslandsskóla '04 - '05

Bekkur	Fjöldi nem.
1. bekkur	12
2. bekkur	11
3. bekkur	9
4. bekkur	9
5. bekkur	8
6. bekkur	5
7. bekkur	4
8. bekkur	7
9. bekkur	6
10. bekkur	3
Samtals:	74

Morgunhressing

Rétt er að ítreka það að morgunhressing fyrir frímínútur kl. 9:30, sem á að taka 5-10 mínútur stýrist af því hve mikið nesti börnin hafa að heiman.

Því er nauðsynlegt að árétt hér **aðeins skal hafa meðferðis ávöx eða drykk en ekki hvort tveggja.** Þessi hressing er alls ekki hugsuð sem morgunverður.

Foreldra- og skipulagsdagur

Við minnum alla á að **mánudaginn 14. febrúar** verða forráðamenn og nemendur boðaðir til viðtals hjá umsjónarkennara. Undirbúningsblað kemur heim í vikunni á undan.

Öskudaginn 9. febrúar er skipulagsdagur kennara, heilsdagsskólinn verður þó opinn og skulu forráðamenn ganga frá pöntun og greiðslu í síðasta lagi fyrir **hádeggi mánudaginn 7. febrúar.**

Ágæt mæting á skólafærninámskeið

Ágæt mæting var á skólafærninámskeið það sem haldið var 17. og 19. janúar. **Námskeiðið er árlegt samvinnuverkefni foreldraráðs, foreldrafélags og skólans.**

Best var mætingin í Þórsheimum en fyrra kveldið mættu 95% forráðamanna þar.

Á námskeiðinu var fjallað um skólareglur, skólavenjur og skólanámskrá, starfsemi námsráðgjafa, sérkennara, hjúkrunarfræðings og sálfræðings. Dvalið góða stund í heimastofu með umsjónarkennara, fjallað um starfsemi skólaskrifstofu og foreldrafélags og foreldraráðs.

Þá flutti Margrét Sigmarsdóttir, sálfræðingur á skólaskrifstofu, erindi.

Námskeiðið tókst vel, en þetta er þriðja árið sem slík námskeið marka upphaf samvinnu skólans og forráðamanna nýrra nemenda í Áslandsskóla.

Afþreying fyrir 7–9 ára á mánudögum

Ástjarnarsókn býður öllum krökkum frá 7 til 9 ára að vera með í leikjum og annarri afþreyingu **frá kl. 15-16 alla mánudaga.**

Fyrsta skipti verður **mánudaginn 7. febrúar** og munu Ingi Þór og Aldís taka á móti ykkur í félagsmiðstöðinni Ásnum.

Hlökkum til að sjá ykkur

Ingi og Aldís



Ásheimar á leið á Laugarvatn

Nemendur í 7. bekk halda í skólabúðir á Laugarvatn þriðjudaginn 26. apríl næst komandi. Þar dvelja nemendur fram til föstudagsins 29. apríl.

Dagskrá skólabúðanna verður í grófum dráttum þannig að dagurinn hefst á morgunverði, síðan verður námslota. En milli kl. 10-12 og 13:30-15:30 hvern dag verða verkstæði í umsjá nemenda í Íþróttakennaraháskóla Íslands á Laugarvatni. Síðla dags verða síðan sund og íþróttir. Að lokinni herbergjaskoðun og kvöldverði verður kvöldvaka í umsjá nemenda. Þann þátt þurfa nemendur að undirbúa vandlega og fá til þess nokkra stund eftir síðdegishressingu.

Skólabúðir þessar eru ráðgerðar að hausti í 7. bekk en sú röskun sem varð á skólahaldi í haust tafði fyrir þessari ferð. Þá var ákveðið að geyma ferðina fram á vorið svo veður yrðu kannski hagstæðari.

Verð í skólabúðirnar verður um 15.000.– krónur en innifalið í því verður ferðir, morgunverður, hádegisverður, kvöldverður og síðdegishressing, aðgengi að sundlaug og íþróttasal og annað tilfallandi.

Þess ber og að geta að ekki er sjálfsagt að allir nemendur komist í ferðina. Því í ferðina fara einungis þeir nemendur sem hafa staðið sig vel í skólanum, sýnt háttvísi og góða framkomu á öllum skólasvæðum og við alla starfsmenn.

Nánari upplýsingar munu berast nemendum í Ásheimum og forráðamönnum þeirra þegar nær dregur.



Háttvísi og umgengni

Ég heiti því að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig.

Ég vil leggja mig fram um að bera virðingu fyrir sjálfum / sjálfri mér og öðrum.

Svona hljóðar skólaheitið okkar í Áslandsskóla. Eflaust hafa forráðamenn verið duglegir við að ræða merkingu skólaheitisins heima fyrir. Reglulega er farið með skólaheitið í morgunstundum og það rætt í heimastofum, en betur má ef duga skal.

Frábært væri ef forráðamenn og nemendur spjölluðu aðeins um skólaheitið því ef allir myndu nú fara eftir því yrðu sannarlega færri árekstrar hér í skólanum okkar og fleiri nemendum liði vel. Það er ótrúlega mikilvægt.

Þá er umgengni að nokkru ábótavant hér í skólanum. Einhver hópur nemenda á í vandræðum með að skilja tilgang með því að hafa ruslafötur á víð og dreif um skólann. Gott ef við sameinumst um að laga það.

Forráðamenn og nemendur í 10. bekk

Nemendur í 10. bekk og forráðamenn þeirra eru minntir á kynningarfund og spjall um samræmd próf sem haldin verða í maí.

Fundurinn verður þriðjudaginn 1. febrúar kl. 18:00 og verður í fyrirlestrarsal skólans.

Þar munu skólastjóri, námsráðgjafi og kennarar spjalla um námsefni og undirbúning fyrir prófin.

Einnig verður sérstökum bæklingi dreift til nemenda en í honum er efni sem tengist prófunum, áherslum þeirra og umfangi.

Það þarf vart að fjölyrða að nauðsynlegt er að allir mæti.

Skólaakstur frá Völlum

Eftir ábendingar frá forráðamönnum hefur skólinn, gegnum Skólaskrifstofu, sent tilmæli til Hópbíla um að bæta við akstri á Fífuvelli.

Þannig yrðu nemendur sóttir á tvo staði á morgnanna en ekki einn eins og nú er. Meginástæða þessarar bóvar er að nemendur þurfa snemma dags að ganga myrkvaðan vegarslóða í átt að skólabilinum.

Nánari upplýsingar verða sendar um leið og þær berast sem verður vonandi sem allra, allra fyrst.

Snagar og mottur

Nýjar mottur hafa verið settar í alla innganga skólans. Einnig hafa skilaboð um **ábyrgð** verið hengd upp við inngangana en þar stendur: *Við þurrkum af okkur við innganginn. Við setjum skóna okkar í rétta hillu. Við berum öll ábyrgð á því að halda skólanum okkar hreinum.*

Einnig er von á snögum sem hengdir verða upp á gangi yngri deildar, undir stiga við heilsdagsskóla og innar á sama gangi.

Heimsókn frá Víðivöllum

Elstu nemendurnir frá leikskólanum Víðivöllum komu í heimsókn í skólann á dögnum.

Skólastjóri gekk um skólann með nemendum og þau fræddust um eitt og annað, skoðuðu "framandi" stofur og starfsemi í nokkrum bekkjum.

Krakkarnir voru einstaklega þrúðir og stilltir og þökkum við þeim fyrir komuna til okkar.



Nýtt frá Skólaskrifstofu

Gengið hefur verið frá ráðningu *Vigfúsar Hallgrímssonar* sem þróunarfulltrúa grunnskóla með aðsetur á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Vigfús er okkur að góðu kunnur en hann starfaði sem aðstoðarskólastjóri hér um skeið.

Þá hefur *Sigríður Ósk Birgisdóttir* verið ráðinn nýr verkefnisstjóri skólafestnu Hafnarfjarðar.

Óskum við þeim báðum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Þá hefur *Elín Jónasdóttir*, yfirmaður ráðgjafadeildar haldið til Sri Lanka þar sem hún mun starfa á vegum Alþjóða Rauða Krossins næsta hálfu árið. Óskum við Elínar velfarnaðar og hlökkum til fá hana aftur til starfa.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandss@ismennt.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÖÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólafestjóri